Framkvæmdaleyfi

Vegna Ísallína 3 og 4 og niðurrif Ísallína 1 og 2

Leyfishafi: Landsnet

Dagsetning samþykktar leyfis: 28.10.2026.

Gildistími leyfis: 31.3.2028.

Hafnarfjarðarbær veitir Landsneti hf., kt. 580804-2410 framkvæmdaleyfi fyrir byggingu Ísallína 3 og 4 milli tengivirkis í Hamranesi og álversins í Straumsvík, ásamt niðurrifi Ísallína 1 og 2. Leyfið er veitt á grundvelli 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, með þeim skilyrðum og á grundvelli þeirra gagna sem tilgreind eru hér á eftir.

Hafi framkvæmdir ekki hafist 1.11.2027 fellur leyfið úr gildi skv. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Tefjist framkvæmdir skal Landsnet upplýsa leyfisveitanda sem fyrst og þá er heimilt að framlengja framkvæmdatímann. Ef til þess kemur að framkvæmdin stöðvist í eitt ár eða lengur getur bæjarstjórn með þriggja mánaða fyrirvara lagt dagsektir á framkvæmdaleyfishafa eða fellt framkvæmdaleyfið úr gildi.

Framkvæmdalýsing:

Ísallínur 3 og 4 eru á stálröramöstrum frá Hamranesi að Hraunhellu, en einpólamöstrum frá Hraunhellu að tengivirkinu norð-austan við álver RioTinto. Alls verða reist 22 möstur sem verða að meðaltali 21,5 m á hæð (M möstur) og 36,6 m (einpóla) og um leið gert ráð fyrir niðurrifi núverandi Ísallína 1 og 2.

Niðurrif mastra Ísallína 1 og 2. Möstur verða felld með því að toga þau til jarðar. Tengd er ofurtóg við topp á mastri sem síðan er fest við spil á stórum traktor og honum stillt upp í hæfilegri fjarlægð frá mastrinu á línugötunni. Leggir á mastrinu eru skornir rétt ofan við undirstöður og mastrið togað til jarðar. Möstrin eru síðan bútuð niður og flutt í endurvinnslu. Gert er ráð fyrir að fjarlægja að minnsta kosti þann hluta allra undirstaða sem stendur upp úr jörð.

Að framkvæmd lokinni verða framkvæmdasvæðin hreinsuð, efnisafgangar og umbúðir verða fjarlægð og jarðrask verður lagfært, þar sem það er unnt. Markmiðið er að fella svæðin sem best að nærumhverfi sínu. Í lok verks verða slóðar lagfærðar og ráðstafanir gerðar til að hindra úrrennsli í leysingum og stórrigningum. Leitast verður við að tryggja að endurheimt raskaðra svæða verði í samræmi við það gróðurfar sem fyrir er. Framkvæmd skal unnin í samræmi við fyrirliggjandi hönnunargögn Landsnets.

Vakin er athygli leyfishafa á því að honum er skylt að óska eftir samþykki leyfisveitanda fyrir breytingum á framkvæmd og tilkynna HMS ef þær falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021.

Eftirlitsaðili framkvæmdar: Sveitarfélagið mun athuga hvort þörf sé á að skipa sérstaka eftirlitsnefnd með framkvæmdinni í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Verkeftirlit og ÖHV-U eftirlit: Brynjar Jónsson, COWI, umsjónarmaður verkkaupa. Tölvupóstur: brjon@cowi.com

Slóðagerð, jarðvinna og undirstöður: D.Ing-verk ehf. Tengiliður Halldór Ingólfsson. Tölvupóstur: d.ing@internet.is

Hönnunargögn og önnur gögn vegna framkvæmdaleyfis:

- Umsókn Landsnet, dags. 12. maí 2026. Viðbótargögn, dags. 12. ágúst 2026.
- Afstöðumynd í mælikvarða 1:10.000, sem sýnir m.a. staðhætti, legu framkvæmda, tengivega og gatnamóta og umfang fyllinga.
- Grunnmyndir í mælikvarða 1:2.500 sem sýna staðsetningu nýrra lína, niðurrif, áætlaða legu slóða, vinnuplana, mastra og aðliggjandi mannvirkja.
- Framkvæmdalýsing, dags. maí 2026, þar sem:
  - Framkvæmdaþáttum og valkostum er lýst.
  - Gerð er grein fyrir magni af jarðefnum sem þarf til framkvæmdanna.
  - Gerð er grein fyrir frágangi framkvæmdasvæða og mótvægisaðgerðum.
  - Gerð er grein fyrir framkvæmdatíma.
- Matsskýrsla Ísallína 3 og 4 og niðurrif Ísallína 1 og 2, 9. júlí 2025 ásamt viðaukum, umsögnum og viðbrögð við umsögnum.
- Áhrifamat vatnshlota, COWI, 14. apríl 2026.
- Minnisblað Landsnets, dags. 12. ágúst 2026 um sjaldgæfar plöntur á áhrifasvæði Ísallína. Vettvangsathugun Náttúrufræðistofnunar.

Auk þess liggur fyrir álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, dags. 12. nóvember 2025.

Skilyrði leyfisveitenda

Skilyrði í framkvæmdaleyfi

Skilyrði í framkvæmdaleyfi fyrir byggingu Ísallína 3 og 4, og niðurrifi Ísallína 1 og 2, eru eftirfarandi:

Áhættuminnkandi aðgerðir

> Olíuleki við áfyllingu úr olíubíl
  - Aðeins sérstakur dælumaður, með ADR réttindi til að flytja hættulegan farm, má sjá um flutningana og áfyllingu á vinnuvélar.
  - Þar sem áfylling á tæki og vélar fer fram skal leggja vélum þar sem jarðvegur er undir sem hægt er að hreinsa upp ef leki verður við áfyllingu.
  - Tryggja þarf að tengibúnaður frá olíubíl að vinnuvélum leki ekki við áfyllingu á vinnuvélar.

> Olíubíll keyrir um svæðið – gat kemur á olíutank
  - Viðurkenndur aðili mun hafa umsjón og eftirlit með flutningum á olíu.
  - Takmarka skal magn af olíu í olíubíl sem fer inn á svæðið við það magn sem þarf til áfyllingar til að draga úr líkum á stærri lekum.
  - Aðeins sérstakur dælumaður, með ADR réttindi til að flytja hættulegan farm, má sjá um flutningana og áfyllingu á vinnuvélar.

> Efnisflutningsbílar lenda í árekstri eða velta og olía lekur
  - Tryggja að slóðar séu sléttir og jafnaðir og umferðarhraða haldið niðri.
  - Verktaki hefur reglulegt eftirlit með olíuleika/olíusmiti frá ökutækjum og skal það skráð í dagbók. Á grannsvæði skal eftirlitið vera daglegt.
  - Viðbragðsbúnaður skal vera í hverri vinnuvél: ísogsefni, skófla og ílát til að hreinsa upp mengaðan jarðveg ef slys eða óhapp á sér stað.
  - Viðbragðsáætlun vegna umhverfismengunar/grunnvatnsmengunar liggur fyrir.

> Jarðvinna með gröfum og jarðýtum – aðrar vinnuvélar
  - Vinnuvélar skulu lekaskoðaðar í upphafi framkvæmda.

- Verktaki skal hafa daglegt eftirlit með olíu- og glussaleka og olíusmiti á vinnuvélum og ökutækjum þegar unnið er á grannsvæði.

> Olíuslys – olía spillist niður

- Viðbragðsáætlun vegna umhverfismengunar skal vera til staðar.
- Viðbragðsbúnaður í bíl skal vera tiltækur eins og ísogefni, skófla og ílát til að hreinsa upp mengaðan jarðveg ef slys eða óhapp á sér stað.

> Olíuleki vegna vinnuflokkabíla

- Tryggja gott viðhald á bílum og lekaskoða bíla reglulega.

> Hættuleg efni á vélum, ökutækjum og vinnuvélum (sprengivinna, borun, steypuvinna o.fl.)

- Nota nýleg tæki og tryggja reglulegt viðhaldseftirlit.
- Ef notuð eru hættuleg efni skal tryggja að öryggisblöð séu til staðar.

Aðgerðir til að draga úr raski og umhverfisáhrifum

Umhverfisþáttur	Aðgerðir	Tímasetning	Ábyrgð
Vistgerðir og flóra	Tekið verður tillit til gróðurfars eins og kostur er til að draga úr áhrifum. Fyrir liggur úttekt Náttúrufræðistofnunar á vaxtarsvæðum friðaðra tegunda og tegunda á válista. Tryggja þarf að kortlagðir vaxtarstöðum verði ekki raskað. Ef þörf verður að raska vaxtarsvæðum skulu plöntur færðar til í samráði við Náttúrufræðistofnun.	Áður en framkvæmdir hefjast, hönnunartíma og á framkvæmdatíma.	Landsnet í samráði við Náttúrufræðistofnun.
	Við endanlega hönnun verði hugað að því að takmarka það svæði sem verður raskað sem kostur er.	Á hönnunartíma.	Landsnet.
	Leitast verður við að tryggja að endurheimt raskaðra svæða verði í samræmi við það gróðurfar sem fyrir er.	Við frágang framkvæmdasvæðis.	Landsnet og verktaki.
	Landsnet mun leggja áherslu á viðvarandi eftirlit með framkvæmdum og slóðagerð á meðan framkvæmdir standa yfir. Haft verður eftirlit með því að verktakar fari að lögum og reglugerðum, valdi ekki óþarfa raski og gangi vel um framkvæmdasvæðið.	Á framkvæmdatíma.	Landsnet og verktaki.
	Til þess að lágmarka áhrif vegna sinkmengunar verður leitat við að nota gæðasink við galvanhúðun á möstrum og að sinkhúðin fái nægan tíma til að fullharðna áður en þau eru sett á staðinn.	Áður en möstur eru reist.	Landsnet og verktaki.
Jarðmyndanir	Lögð verður áhersla á að lágmarka rask eins og kostur er. Forðast skal að raska heillegum og sérkennilegum hraunmyndunum. Nýta skal núverandi slóða og röskuð svæði eins og kostur er.	Á hönnunar- og framkvæmdatíma.	Landsnet og verktaki.
Fornleifar	Tekið hefur verið tillit til þeirra fornleifa sem teljast í hættu vegna framkvæmda með því að sneiða hjá þeim við endanlega hönnun framkvæmda. Merkja skal minjar sem eru í hættu að verða fyrir raski vegna framkvæmda.	Á hönnunartíma.	Landsnet.
	Ef áður óþekktar fornleifar finnast meðan á framkvæmdum stendur verður verkið	Á framkvæmdatíma.	Landsnet og verktaki í samráði við

	stöðvað án tafar og fundurinn tilkynntur til Minjastofnunar sbr. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 80/2012, um menningarminjar. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram á þeim stað nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar. Varast ber að nýta svæði nálægt fornleifunum sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur nema með leyfi Minjastofnunar og settum skilmálum hennar.	 Á framkvæmdatíma.	Minjastofnun Íslands. Verktaki í samráði við Minjastofnun Íslands.
Landslag og ásýnd	Hamraneslínur, sem fara til austurs frá tengivirkinu Hamranesi, voru settar í jörðu á um 4 km kafla frá tengivirkinu sumarið 2024. Suðurnesjalína 1, sem fer til vesturs frá tengivirkinu, verður líka sett í jörðu, að hluta til. Landsnet mun í samstarfi við Hafnarfjörð ráðast í mótvægisaðgerðir við tengivirkið í Hamranesi.	Lokið að hluta, í tengslum við framkvæmdir á svæðinu.	Landsnet í samráði við Hafnarfjarðarbæ.
Fuglalíf	Fylgjast skal með áflugi fugla á línurnar. Grípa skal til aðgerða ef þörf krefur. Þær aðgerðir skuli hafa hliðsjón af reynslu af slíkum aðgerðum annars staðar.	Á framkvæmdatíma og rekstrartíma	Landsnet
Loftslag	Í útboðsgögnum verkframkvæmda kemur fram að verktakar skulu halda utan um alla olíunotkun og verður hún skráð í mánaðar- og lokaskýrslur.	Á framkvæmdatíma.	Verktaki, með eftirfylgni Landsnets.

Önnur skilyrði

- Sækja þarf um leyfi til Vegagerðarinnar fyrir framkvæmdum innan veghelgunarsvæði Reykjanesbrautar og Krýsuvíkurvegar, sbr. 32. gr. vegalaga nr. 80/2007.
- Tryggja þarf að merkingar vinnusvæða og að þær verði í samræmi við reglur Vegagerðarinnar. Verktaki skal leggja fram áætlun til Vegagerðarinnar um merkingar, til samþykktar, og tilnefna ábyrgðarmann. Skila skal inn merkjaplani til Vegagerðarinnar áður en verk hefst.
- Hæð undir fyrirstöðu yfir Reykjanesbraut skuli vera 10 m, sem er sama hæð og núverandi línur. Lágmarkshæð yfir Krýsuvíkurveg skal vera 9,0 m.
- Samráð skal vera við Veitur vegna framkvæmda sem eru nærri lögnum á ábyrgð þess til að tryggja að þeim verði ekki raskað.

Vakinn er athygli á að framkvæmdaleyfi á að vera til staðar á framkvæmdastað og eftirlitsaðili getur kallað eftir leyfi við eftirlit.

Einnig er vakin athygli á að framkvæmdaleyfi er kæranlegt til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur 4 vikur frá birtingu auglýsingar sveitarfélagsins um útgáfu framkvæmdaleyfis. Ef framkvæmd hefst áður en frestur er útrunninn gerir framkvæmdaraðili það á eigin ábyrgð.

Gjald fyrir framkvæmdaleyfi er 220.041 kr. með vsk.

Hafnarfjörður 1. nóvember 2026

_____